

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

120. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 12. apríl 2011 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá;

1. Viðræður við skólastjóra grunnskóla. (kl. 16:00)
Skólaakstur.
Valgreinar 2011-2012.
Staða sjálfsmats.
2. Viðræður við skólastjóra leikskóla. (kl. 17:00)
Skóladagatal 2011-2012.
Starfsmannamál.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Skólastjóri fór yfir skipulag á skólaakstri næsta vetur. Þar sem ekki verður boðið upp á heimakstur klukkan 14:15 á miðvikudögum einungis klukkan 16:30.
2. Skólastjóri fór yfir breytingar sem verða á valgreinum á næsta skólaári. Fækkun verður á valgreinum vegna hagræðingar.
3. Skólastjóri skýrði frá stöðu sjálfsmats. Sjálfsmatsskýrsla kemur fram í vor. Vel hefur gengið að vinna að umbótum.
4. Skólastjóri kynnti drög og hugmyndum að deiliskipulagi á skólalóðinni og svæðinu þar í kring.
5. Leikskólastjóri lagði fram drög að skóladagatali 2011-2012.
6. Leikskólastjóri kynnti starfsfólk leikskólans á næsta skólaári. Líkur eru á fækkun starfsfólks tveir starfsmenn hafa sagt upp störfum ekki verður ráðið í þeirra stöður.
7. Leikskólastjóri greindi frá því að leikskólinn hefði sótt um grænfánann. Sigurbjörg Friðriksdóttir er verkefnisstjóri verkefnisins.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sitja fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Erla Björg Kristinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi foreldra í grunnskóla. Erla fór af fundi klukkan 17:00.

Jóhanna Erla Jóhannsdóttir situr fundinn af hálfu starfsmanna leikskóla.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:40.

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.)

Rakel Runólfsson(sign.)

Gísli G. Magnússon(sign.)

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.)